

Mál nr. 368/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Skemmdir við uppskipun 07.04. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 20.10. 2009, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.11. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M vann við uppskipun. Unnið var við hífingu jarðbors úr skipi uppá hafnarbakka. Festing gaf sig þannig að jarðborinn féll niður.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar m.a. til þess að sú ábyrgðartrygging sem um ræðir tilgreinir starfsemi M sem “starf rafvirkja og vinnuvélastjórnun”. Félagið telur að M hafi tekið að sér ýmis önnur störf og að hann hafi vanrækt tilkynningarskyldu um breytingar á starfsemi sinni til félagsins sbr. nánar umfjöllun félagsins. Það telur að M hafi ekki haft ábyrgðartryggingu sem hafi tekið til starfa við skipaafgreiðslu. Þá er “mikilvægast í þessu sambandi” að M var ekki með svokallaða víðtæka skilmála á tjónsdegi. Undantekningarákvæði skilmála um vörslur og flutning o.fl. eigi því við jafnvel þó komist væri að þeirri niðurstöðu að vátrygging M taki til framkvæmd við uppskipun. Samandregið er það afstaða félagsins að engin vátrygging hafi verið í gildi á tjónsdegi í nafni M sem taki til skipaafgreiðslu og/eða losunar skipa. Jafnvel þó ekki verði fallist á það telur félagið að það sé eðlilegur hluti flutnings farm að losa hann úr lest skips og koma honum upp á hafnarbakka og þaðan áfram á athafnasvæði skipafélagsins. Farmurinn hafi verið í “vörslum þeirra aðila” sem hlut áttu að máli uns hann hafi endanlega verið komið fyrir.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Verklag starfsmanns M við að lyfta þeim jarðbor sem um ræðir var ófullnægjandi. Rekja má tjónsatburðinn til þessa.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var M vátryggður fyrir þá starfsemi sem “þeir höfðu sjálfir tilgreint sem starf rafvirkja og vinnuvélastjórnun”. Greiðsla iðgjalds miðaðist við þessa tilgreindu áhættu vátryggðs. Gögn málsins verða skýrð á þann veg að unnið hafi verið við vinnuvélastjórnun í umrætt sinn og að rekja megi tjónið til sakar starfsmanns M við þá framkvæmd.

Ákvæði skilmála (6.2 og 6.3) um almennar undantekningar koma ekki í veg fyrir greiðsluskyldu í máli þessu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 24. nóvember 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.